

Fimmtudaginn 7. febrúar 1952.

Nr. 160/1951. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Eggert Kristjáni Lúðvík Eggertssyni Fjeldsted (Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Umferðarreglur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Eggert Kristján Lúðvík Eggertsson Fjeldsted, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 9. maí 1951.

Ár 1951, miðvikudaginn 9. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af Einari Péturssyni, fulltrúa sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2750/1951: Ákærvaldið gegn Eggerti Kristjáni Lúðvík Eggertssyni Fjeldsted, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað af hálfu ákærvaldsins gegn kærða, Eggerti Kristjáni

Lúðvík Eggertssyni Fjeldsted kaupmanni, til heimilis að Hverfisgötu 32 hér í bæ, fyrir brot gegn umferðarlögum nr. 24/1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. júní 1914 á Flat-eyri. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1932 15/11. Dómur aukaréttar Ísafjarðarsýslu, 20 daga fangelsi við venju-legt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1928 og 240. gr. sbr. 38. gr. og 63. gr. hegningarlaganna.
- 1940 27/2. Undir rannsókn í Reykjavík út af meintri sviksemd samkvæmt kæru Brands Vilhjálmssonar, Hverfisgötu 32. Felld niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 12/12 1940.
- 1941 25/6. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 50 kr. sekt fyrir brot gegn húsaleigulögum.
- 1942 3/9. Sátt í Reykjavík, 100 kr. sekt fyrir brot á reglum um matvæla-skömmtn.
- 1945 24/8. Sátt í Reykjavík, 100 kr. sekt fyrir brot gegn iðnlögunum.
- 1947 14/6. Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir óleyfilegt bifreiðarstæði.
- 30/6. Sátt í Reykjavík. Áminning fyrir samskonar brot.
- 29/9. Sátt í Reykjavík. Áminning fyrir samskonar brot.
- 1949 22/1. Rvík. Dómur lögregluréttar, 600 kr. sekt fyrir brot gegn lög-um nr. 67/1947 og reglugerð nr. 190/1947.
- 1950 2/1. Rvík. Dómur, 30 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 20. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Lögreglumaðurinn Björn Jónsson kærði hinn 15. júní 1950, að bifreið kærða, R. 4544, hefði staðið mannlauð og óhreyfð við húsið nr. 11 við Austurstræti þann dag kl. 15.10 til kl. 15.35.

Kærði neitar kærinni. Hann kveðst að vísu hafa skilið bifreið sína eftir við Austurstræti 11 á því tímabili, sem í kærinni greinir. Hann kveðst hins vegar í mesta lagi hafa lagt bifreiðinni á nefndan stað í 5 mínútur, en ekið síðan vestur í bæ og lagt henni síðan aftur í á að gizka 5 mínútur, nánast á sama stað.

Vitnið Björn Jónsson lögregluþjónn kveðst öruggt um, að bifreið kærða stóð við Austurstræti 11 þann tíma, sem greinir í skýrslu þess, og kveðst öruggt um, að bifreiðin var ekki hreyfð á þeim tíma.

Önnur vitni voru ekki að atvikinu, og eru nægilegar sönnur ekki færðar á, að kærði hafi þarna gerzt brotlegur. Verður því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar.

Þriðjudaginn 14. marz 1950, kl. 15.42, var Guðmundur Kristinn Helgason á verði á Lækjartorgi og sá bifreið kærða ekið suður Lækjartorg að gatnamótum Bankastrætis og Austurstrætis og beygt vestur Austurstræti. Þegar bifreiðin fór yfir nefnd gatnamót, bannaði rautt ljós umferð yfir þau, en bifreiðinni var ekið hiklaust áfram.

Kærði hefur viðurkennt að hafa verið á ferð á þeim stað og tíma, sem

í skýrslunni greinir. Hann kveður hins vegar grænt ljós hafa verið á götuvatnum á horni Lækjargötu og Bankastrætis, þegar hann nálgast hann. En er hann var kominn móts við götuvatann, kom gult ljós, og kveðst kærði því ekki hafa séð ástæðu til að nema staðar. Hann hélt því áfram og kveðst hafa verið kominn inn í Austurstræti, er rautt ljósmerki kom.

Vitnið Guðmundur Kristinn Helgason lögregluþjónn skýrir svo frá, að það hafi orðið vart við mann á gangstéttinni við stjórnarráðsblettinn, er beið þess, að umferðarljós heimiluðu honum ferð yfir götuna á Lækjartorg. Sá vitnið manninn ganga út á götuna, en í því hafi bifreiðinni R-4544 verið ekið greitt suður Lækjartorg og í veg fyrir manninn, sem varð að hrökklast á gangstéttina aftur. Sá vitnið þá, að rautt ljósmerki bannaði umferð yfir gatnamótin þarna. En bifreiðinni var samt beygt inn í Austurstræti í krappri beygju.

Vitnið Heimir Sigurðsson iðnaðarmaður, Miklubraut 16, kveðst í umrætt skipti hafa verið statt á gangstéttinni við stjórnarráðsblettinn á horni því, þar sem Lækjargata, Bankastræti og Austurstræti mætast. Beið vitnið þess þar, að umferðarljósinn heimiluðu því ferð yfir Lækjargötu. Þegar rautt ljósmerki kom, sem bannaði umferð bifreiða úr Lækjargötu, sté vitnið út á götuna. En þá var bifreiðinni R-4544 ekið norðan Lækjargötu á mikilli ferð og ekið hiklaust gegn rauðu ljósmerkinu inn í Austurstræti. Vitnið varð að hrökklast upp á gangstéttina aftur.

Bæði ofangreind vitni hafa unnið eið að framburði sínum.

Með eiðfestum vitnisburði þessara tveggja vitna verður að telja sannað þrátt fyrir neitun kærða, að hann hafi ekið úr Lækjargötu yfir gatnamót hennar og Austurstrætis inn í Austurstræti, þótt rautt ljósmerki bannaði honum umferð yfir gatnamótin.

Varðar það brot kærða við 1. mgr. 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 5. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, er afplánist 4 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði og allan kostnað sakarinnar.

Dráttur hefur orðið á máli þessu, og stafar hann af því, að málsskjölin mislögðust, meðan á vélritun réttarprófanna stóð.

Dómsorð:

Kærði, Eggert Kristján Lúðvík Eggertsson Fjeldsted, greiði 200 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.